

- b) Framleiðandi veitir aðilanum sem hefur eftirlit með höndum aðgang að þeim stöðum þar sem persónuhlífar eru skoðaðar, prófaðar og geymdar og að öllum upplýsingum sem hann hefur þörf fyrir, m.a.:
- upplýsingum og skjölum um gæðastýringarkerfið,
  - tæknilegum upplýsingum og skjölum,
  - handbókum um gæðastýringuna.
- c) Viðkomandi aðili skal öðru hverju gera þá úttekt sem nauðsynleg er til að sjá til þess að framleiðandi fari eftir og beiti samþykka gæðastýringarkerfinu og lætur framleiðanda í té afrit af úttektarskýrslunni.
- d) Þar að auki er aðilanum heimilt að fara fyrirvaralaust í eftirlitsferð til framleiðandans. Þegar það er gert lætur viðkomandi aðili framleiðandanum í té eftirlitsskýrslu auk úttektarskýrslu, ef við á.
- e) Framleiðandi verður að geta framvísað skýrslunni frá hinum samþykka aðila, sé farið fram á það.

## REGLUR

### um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum.

#### 1. gr.

Reglur þessar gilda um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

#### 2. gr.

1. Í reglum þessum telst lyftibúnaður vera stálvírar, keðjur úr sívölu stáli og krókar sem nota skal við hífingar og vélrænan lyftibúnað.
2. Undanþeginn frá þessum reglum er:
  - Lyftibúnaður sem tekinn var í notkun fyrir gildistöku þessara reglna.
  - Lyftibúnaður sem notaður er um borð í skipum og fyrir járnbrautir, tannhjólbrautir og svifbrautir.

#### 3. gr.

1. Heimilt er að setja á markað án takmarkana eða hindrana lyftibúnað sem um getur í 2. gr., ef honum fylgir vottorð og hann er merktur í samræmi við fyrirmæli í viðauka við þessar reglur.
2. Vinnueftirliti ríkisins er þó heimilt að stöðva markaðssetningu tiltekins lyftibúnaðar ef það verður þess áskynja að eiginleikar hans eru ekki í samræmi við það sem fram kemur á vottorðinu. Það tilkynnir þá stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna um ákvörðun sína.

#### 4. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist þess að sú vottun og sú merking sem um er rætt í þessum reglum skuli við tilboð og sölu vera sett fram sem alþjóðlega viðurkennd tákn eða með texta á íslensku.

#### 5. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó

samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr laga nr. 46/1980, en það fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 73/361/EBE sem vísað er til í 1. tölul. III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

#### 6. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

#### 7. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

#### 8. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 1. tölulið III. kafla II. viðauka, tilskipun 73/361/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um vottun og merkingu á stálvírum, krókum og keðjum eins og henni var breytt með tilskipun 76/434/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu en fram til 31. desember 1994 er þó heimilt að selja lyftibúnað, sem um getur í 2. gr., sem ekki uppfyllir reglur þessar, enda uppfylli hann kröfur samkvæmt gildandi lögum og áður gildandi reglum.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Gylfi Kristinsson.*

### VIÐAUKI

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1. Á hverri lengju af stálvír og keðju og á hverjum krók skal vera merki, eða sé slíkt ekki kleift, plata eða hringur tryggilega festur, sem á sé skráð heiti framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), svo og upplýsingar um viðeigandi vottorð (samanber liði 2.1, 3.1 og 4.1).
- 1.2. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan EES skal votta það með vottorði þar að lútandi að hver lengja af stálvír og keðju og hver krókur sé í samræmi við þá eiginleika sem frá er greint (samanber liði 2.1, 3.1 og 4.1).

#### 2. ÁKVÆÐI UM STÁLVÍRA

- 2.1. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan EES skal gefa út vottorð fyrir hvern einasta stálvír þar sem komi fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan EES.
- 2) Nafngildi þvermáls.
- 3) Nafngildi þunga á hvern lengdarmetra.
- 4) Gerð vafnings (kross-, lang-, eða víxlsleginn) og stefna vafnings (hægri eða vinstri).
- 5) Formótaður eða ekki.
- 6) Uppbygging (samsetning) og tegund stálvírs, fjöldi þátta, fjöldi þráða í þætti, eiginleikar kjarna og samsetning ef þeir eru úr stáli.
- 7) Togþol þráðanna.
- 8) Lágmarksbrothol vírsins (þ.e. hvert er lágmarksálág sem þarf til að slíta vírinn í togþolsprófun). Hafi vírinn verið slitinn í togþolsprófun skal veita upplýsingar um prófunina.
- 9) Yfirborðsfrágangur vírsins. Sé um galvanhúðun að ræða ber að greina frá stigi hennar eða flokki. Sé um að ræða aðra yfirborðsvörn skal greina frá henni.
- 10) Séu þræðirnir ekki gerðir úr kolefnisstáli skal gefin nánari tæknilýsing.
- 11) Séu þræðirnir framleiddir eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skal greina frá hver hann er.
- 12) Hafi farið fram prófun á þráðunum og/eða á vírunum skal greina frá stöðlum eða tæknilýsingum sem farið er eftir við prófunina. Hafi svo ekki verið ber að greina náið frá prófuninni og niðurstöðum hennar.
- 13) Sé vírinn þannig uppbyggður eða saman settur að hann þarfnist sérstaks viðhalds og/eða eftirlits, ber að láta leiðbeiningar fylgja.
- 14) Undirskrift í samræmi við 1. lið.
- 15) Staða undirskriftaraðila innan framleiðslufyrirtækisins eða staða viðurkennds umboðsmanns framleiðanda.
- 16) Staður og dagsetning.

### 3. ÁKVÆÐI UM KEÐJUR ÚR SÍVÖLU STÁLI

3.1. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skal gefa út vottorð fyrir hverja keðju þar sem fram komi að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan EES.
- 2) Einkenni fyrir ókvarðaðar keðjur:  
Ytri lengd hlekkja, ytri breidd, nafngildi þvermáls ásamt upplýsingum um frávik. Skýringarteikning fylgi með af að minnsta kosti tveimur samfelldum hlekkjum þar sem fram komi mál.
- 3) Einkenni fyrir kvarðaðar keðjur:  
Ytri lengd hlekkja, ytri breidd og nafngildi þvermáls ásamt upplýsingum um frávik. Skýringarteikning fylgi með af að minnsta kosti tveimur samfelldum hlekkjum þar sem fram komi mál.
- 4) Nafngildi þunga á hvern lengdarmetra.
- 5) Aðferð við suðu hlekkjanna.
- 6) Prófpungi sem notaður var til að prófa alla keðjuna eftir hitameðferð.
- 7) Lágmarksbrothol keðjunnar (þ.e. hvert er lágmarksálág sem þarf til að slíta keðjuna í togþolsprófun).
- 8) Minnsta heildarlenging áður en keðjan slitnaði, gefin upp sem hundraðshluti; einnig skal greina frá lengd á prufukeðjum eða fjölda hlekkja sem voru prófaðir.
- 9) Efniseiginleikar keðjunnar (t.d. alþjóðleg flokkun eða að öðrum kosti tæknilýsing á stálinu í keðjunni).

- 10) Tegund hitameðferðar sem notuð var.
  - 11) Sé keðjan framleidd eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skal greina frá hver hann er.
  - 12) Hafi farið fram prófun á keðjunni skal greina frá stöðlum eða tæknilýsingum sem farið er eftir við prófunina. Hafi svo ekki verið ber að greina náð frá prófuninni og niðurstöðum hennar.
  - 13) Ef keðjan þarfnast sérstakrar meðferðar, viðhalds og/eða eftirlits eiginleika sinna vegna, ber að láta upplýsingar um slíkt fylgja.
  - 14) Undirskrift í samræmi við 1. lið.
  - 15) Staða undirskriftaraðila innan framleiðslufyrirtækisins eða staða viðurkennds umboðsmanns framleiðanda.
  - 16) Staður og dagsetning.
- 3.2. Keðjur sem framleiddar eru eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skulu bera læsi-lega og óforgengilega gæðamerkingu í samræmi við viðkomandi staðal. Gæðamerki þessi skulu sett á hverja keðju. Á hverjum lengdarmetra skal vera að minnsta kosti eitt merki eða eitt merki á tuttugasta hverjum hlekk, eftir því hvort bilið er styttra. Merkin skulu hafa eftirfarandi mál:

Nafngildi þvermáls vírsins í mm	Lágmarkshæð stafanna í mm
Til og með 8	2
Meira en 8 til og með 12,5	3
Meira en 12,5 til og með 26	4,5
Meira en 26	6

#### 4. ÁKVÆÐI UM KRÓKA

- 4.1. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skal gefa út vottorð um hverja framleiðslulotu króka eða, fari notandi fram á það, fyrir hvern krók og komi þar fram eftirfarandi upplýsingar:
- 1) Nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan EES.
  - 2) Ef vottorðið gildir fyrir hverja framleiðslulotu króka skal greina frá hve margir þeir voru.
  - 3) Tegund króks.
  - 4) Skýringarteikning af króknum með upplýsingum um helstu mál.
  - 5) Hámarkspróþungi sem leggja má á krókinn án þess að hann aflagist varanlega svo einhverju nemi.  
Í engu tilviki má varanleg aflögun á króknum vera meiri en 0,25% miðað við opið á króknum.
  - 6) Sá þungi sem þarf til þess að krókurinn byrji að opnast eða opnast svo mikið að hann getur ekki lengur haldið uppi hlassi. Sé krókurinn þannig gerður að hann sé eða geti verið líklegri til að brotna en að opnast skal lágmarksbroþungi gefinn upp.
  - 7) Efniseiginleikar króksins (t.d. alþjóðleg flokkun króksins eða að öðrum kosti tæknilýsing á stálinu í honum).
  - 8) Tegund hitameðferðar sem notuð var við framleiðslu á króknum.
  - 9) Sé krókurinn framleiddur eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skal greina frá hver hann er.
  - 10) Hafi farið fram prófun á króknum skal greina frá stöðlum eða tæknilýsingum sem farið var eftir við prófunina. Hafi svo ekki verið ber að greina náð frá prófuninni

og niðurstöðum hennar (þar sem um er að ræða framleiðslulotu, skal fjöldi eintaka sem voru prófuð tilgreind).

- 11) Ef krókurinn þarfnast sérstakrar meðferðar, viðhalds og/eða eftirlits eiginleika sinna vegna, ber að láta upplýsingar um slíkt fylgja.
  - 12) Undirskrift í samræmi við 1. lið.
  - 13) Staða undirskriftaraðila innan framleiðslufyrirtækis eða staða viðurkennds umboðsmanns framleiðanda.
  - 14) Staður og dagsetning.
- 4.2. Krókur sem framleiddur er eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli verður að bera læsilegt og óförgengilegt gæðamerki til samræmis við þann staðal.

## REGLUR

### um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði).

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti, og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda um lyfti- og flutningabúnað eins og hann er skilgreindur í 2. gr. og nánar er mælt fyrir um í sérreglum þeim sem um getur í 3. gr. Reglurnar gilda jafnframt um slíkan búnað sem jöfnum höndum er notaður við atvinnurekstur og til einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum.

##### 2. gr.

1. Í þessum reglum merkir lyfti- og flutningabúnaður allan lyfti- og flutningabúnað hvort sem hann er rafdrifinn, vökvadrifinn eða á annan hátt vélknúinn, svo sem fólkslyftur, fólks- og vörulyftur, byggingalyftur, vörulyftur, krana, færribönd og lyfti- og dráttartæki. Reglurnar gilda einnig um íhluta þessara tækja.
2. Í þessum reglum merkir íhluti sérhvern hluta af lyfti- og flutningabúnaði eins og honum er lýst í sérreglum.
3. Reglur þessar ná ekki yfir lyfti- og flutningabúnað sem einkum er ætlaður til nota við tilraunir, notaður er á skipum, við olíuleit og olíuvinnslu á hafsbötni, við námavinnslu eða meðferð geislavirkra efna.
4. Í sérreglum fyrir hvern flokk lyfti- og flutningabúnaðar verður mælt fyrir um tækniröf-ur að því er varðar hönnun og eftirlitsaðferðir vegna búnaðarins og íhluta hans.

##### 3. gr.

1. Í þessum reglum merkir:

*EBE-gerðarviðurkenning:* Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) staðfestir og vottar að afloknum prófunum, að gerð lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta fyrir hann uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.